

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslandsbleikja Öxnalæk í Ölfusi



Dags eftirlits	5.6.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Íslandsbleikja	Fulltrúi UST	
Heimili	Öxnalæk	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Ólafsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	393201,157 388615,307

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir endurnýjað starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því.

Búið er að ganga frá setþró og lagfæringum á frárennislögnum skv. 7. kafla starfsleyfisins. Góð aðstaða er til að losa setþróna.

Allur dauðfiskur fer til vinnslu refafóðurs.

Tekin voru sýni úr frárennsli þann 25. mars sl. Niðurstöður þeirra mælinga voru yfir mörkum starfsleyfis fyrir gildi köfnunarefnis eða 72,3 kg/tonn en skv. gr. 2.4 í starfsleyfi má gildi köfnunarefnis ekki fara yfir 60 kg/tonn. Í þessari mælingu var ekki leiðrétt fyrir innrennsli og var því tekið nýtt sýni þann 1. júlí sl. Er búið var að leiðrétta fyrir innrennsli þá var gildi köfnunarefnis í síðari mælingunni 10,3 kg/tonn og er því innan marka. Gildi fyrir fosfór var innan marka.

Grænu bókhaldi var skilað á réttum tíma.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á næstunni og engar kvartanir hafa borist rekstraraðila varðandi starfsemina.

Merking frávikalausra fyrirtækja á vefsíðu Umhverfisstofnunar var kynnt, sem og möguleiki á fækkun eftirlits sé rekstraraðili frávikalaus í 4 ár eða lengur. Tekið var fram að sækja þarf sérstaklega um slíka umbun.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Fyrirtækið er í 4. flokki og eftirlit annað hvert ár.

Reykjavík, 18.06.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.